

Nýtt verklag fyrir  
góðan búskap

04

Sjálfvirkar mjaltir bjóða upp á nýtt verklag með auknu frelsi fyrir þig og meiri tíma til að verja með gripunum þínum.

Fimm reglur fyrir  
ábatasamar mjaltir

06

Hvort sem þú mjólkar með hefðbundnum eða sjálfvirkum hætti eru fimm reglur sem þú verður að hafa í huga fyrir ábatasamar mjaltir.

Settu saman þinn  
eigin Lely Astronaut

12

Sjáðu fyrir þér hvernig þú getur gert búinu þínu kleift að starfa sem best. Hvað skiptir mestu fyrir þig og búið þitt?

## Sjálfvirkar mjaltir

*“Þetta snýst ekki um að vinna minna eða meira, heldur gerir kerfið okkur kleift að vinna með snjallari hætti.”*

**Kynntu þér  
möguleikana**

[www.lely.com](http://www.lely.com)



*“Einu kýrnar sem ég athuga núna er þær sem þurfa þess.”*

**Sölvi Arnarsson**  
**Efstadal í Bláskógabyggð**

„Satt að segja leiddist mér aldrei að mjólka í mjaltabásnum. Það sló taktinn fyrir daginn og mér fannst það besta leiðin til að fylgjast með vellíðan gripanna minna. En að lokum voru það miklar annir í ferðaðjónustunni sem fengu mig til að velja sjálfvirkar mjaltir.

Nú átta ég mig á því hvað kostirnir eru miklir. Ég hef mun meiri tíma fyrir ungvíðið, en það er eitthvað sem ég kann vel að meta. Það sem kom mér þó á óvart var að ég veit núna mun meira um kýrnar mínar en áður.“

## Kynntu þér möguleikana

Hvenær tókstu þér síðast tíma í að kynna þér möguleikana sem eru í boði fyrir þig, bústofninn þinn og reksturinn? Hvað myndir þú gera ef þú gætir sparað þér tíma? Beint athyglinni að því að vera betri bóndi eða eiga meiri frítíma eða hvoru tveggja? Hvað ef þú ættir kost á því að koma á betra jafnvægi þar á milli?

Ímyndaðu þér ánægjuna af því að hafa tíma til að fylgjast með hverri og einni kú. Getu varið minni tíma í að bregðast við og meiri tíma í að gera hlutina að fyrra bragði. Það er svo sannarlega auðveldara að hugsa um heilbrigðar kýr. Þær eru líka afkastameiri, framleiða meira og skila meiri hagnaði. Það veitir gríðarlega ánægju að sinna heilbrigðum bústofni.

Slíkt sýnir vel unnin störf og gerir reksturinn sjálfbærari og samfélagslega ábyrgan. Svo ef markmið þitt er að afhenda næstu kynslóð stöndugan rekstur þarftu að krossa við þann reit.

Aðeins þú veist hvaða „möguleika“ þú vilt eiga. Hver og einn hefur sína ástríðu, áhugamál og markmið. Svo þú skalt velta þínum fyrir þér. Láttu þau verða til þess að þú sýnir möguleikum í boði opin huga og látir verða að breytingum.

“Við verjum minni tíma  
undir kúnum en meiri tíma  
á meðal þeirra.”

## Nýja verklagið

Meiri sjálfvirkni kynnir til sögunar nýtt verklag á býlinu, býður upp á aukinn sveigjanleika, aukna skilvirkni og betra jafnvægi á milli vinnu og einkalífs.

Þegar þú verð einum þriðja af vinnutímanum í venjuleg verk eins og mjaltir getur þú ímyndað þér hvaða möguleika það hefur í för með sér að gera slíka vinnu sjálfvirka. Minni líkamleg áreynsla, tímasparnaður og aukinn sveigjanleiki býður öllum bændum ný tækifæri. Það gerir þér kleift að einbeita þér að mikilvægari hlutum eins og heilbrigði bústofnsins, bættri stjórnun og að sjálfsögðu fjölskyldunni.

### Slepptu takinu til að öðlast meiri stjórn

Þú vinnur ekki lengur „undir“ kúnum - þú vinnur „á meðal þeirra“. Bókstaflega. Þú getur veitt einstökum kúm meiri athygli sé þess þörf. Kerfið hjálpar þér við að bera kennsl á og aðskilja kýr svo að þú getir farið beint í að skoða eða veita þeim meðferð. Vel úthugað verkflæði, þar sem mjaltþjónar og aðskilnaðarsvæði vinna vel saman, munu hjálpa þér gríðarlega við að ná fram hagræðinu við sjálfvirkar mjaltir.

Ef þú ert ávallt með réttar upplýsingar við höndina veitir það þér hugarró.

Nýja verklagið þýðir að þú ert við stjórnina. Þú ákveður hvað þú gerir í daglegum störfum þínum. Þú ákveður dagskrána og eigin forgangsatriði. Það er mjög mikilvægt ef þú vilt njóta sama frelsis og kýrnar.

### Treystu kúnum þínum

Nýja verklagið gerir kúnum kleift að fylgja eigin takti. Kýrin ákveður sjálf hvenær hún étur, er mjólkuð eða leggst niður. Þær eru algjörlega í stakk búnaar til að sjá um slíkt. Niðurstaðan er rólegri umhverfi þar sem kýrnar hafa meira frelsi til að láta náttúrulega hegðun sína í ljós. Tíðari mjaltir, meiri tími til að sinna heilbrigði og frjósemi kúnna leiðir allt til aukins langlífis gripanna, hámarkar framleiðslu og fækkar sláturgripum. Það eina sem þú þarft að gera er að treysta kúnum þínum.

# Dagur í lífi Eyvindar í Stóru-Mörk



### Fimmtudagsmorgun

7.30 ⌚ 15 mín.

- Aðgæti hvort allt sé í lagi í fjósinu.
- Athuga T4C-In-Herd verk fyrir kýr sem þarf að fylgjast með
- Skafa af básunum
- Skipta um mjólkursíu og skola af mjaltþjóninum
- Athuga tvær kýr sem þarf að fylgjast með

8.00 ⌚ 50 mín.

- Gefa kúnum nýtt fóður
- Dreifa undirburði í legubásana
- Fóðra kálfana

9.00 ⌚ 10 mín.

- Athuga og sinna kúm sem þarf að sæða

### Tími til annarra verka

16.30 ⌚ 60 mín.

- Aðgæti hvort allt sé í lagi í fjósinu.
- Athuga T4C-In-Herd verk fyrir kýr sem þarf að fylgjast með
- Skipta um mjólkursíu og þrifa mjaltþjónsarminn
- Þrifa básana og sinna kúm sem eru á frátökusvæðinu
- Athuga T4C kerfið og skipuleggja næsta dag
- Fóðra kálfana

### Fimmtudagskvöld

22.00 ⌚ 15 mín.

- Aðgæti hvort allt sé í lagi í fjósinu.
- Skipta um mjólkursíu

### Miðvikudagskvöld

18.00 ⌚ < 5 mín.

- Eyvindur hefur stillt frátöku kýrinnar í Lely T4C í sjálfvirkum beiningarverkum. Svo er kúm sem þurfa meðhöndlun beint sjálfvirk á frátökusvæðið á ákveðnum degi og tíma. Á morgun er „geldstöðudagur“ og í kvöld sýnir kýr fyrstu merki um beiðslu.

“Meðalnyt kúa sem mjólkaðar eru í Lely mjaltþjóninum hefur aukist gríðarlega.”

## Skynsöm fjárfesting hámarkar útkomuna

### Ávöxtun af frammistöðu

Stærð búans verður að réttlæta fjárfestingu í nýjum búnaði og notkun á nýju kerfi. Sem framleiðandi þarftu að ganga úr skugga um að þú sjáir góða ávöxtun af fjárfestingum þínum. Nyttin eykst venjulega með sjálfvirku mjaltakerfi og framleiðendur mega gera ráð fyrir því að sjá mestu framleiðslu á líftíma hvernar kýr. Það er vegna þess að kýr eru mjólkaðar oftari með sjálfvirku mjaltakerfi - 2,7 sinnum á dag að meðaltali. Auknar tekjur af kúastofninum verða til með minni vinnu og aukinni mjólk. Kynntu þér möguleikana innan hjarðarinnar. Notaðu fullkomnar upplýsingar í rauntíma um nytina, prótein, mjólkurfitu, mjaltahraða og heilsufarsþróun. Ræktuðu góða eiginleika og ræktuðu þá slæmu út.

### Bætt heilbrigði og velferð hjarðarinnar

Auknar tekjur kunna einnig að stafa af aukinni sölu á gripum, einkum sölu á umframmagni af kvígum. Slíkt byggir á minni grisjun bústofnsins vegna betra heilbrigði kúa en það þýðir á móti að færri gripum er lógað að óþörfu. Astronaut stuðlar að betra heilbrigði og vellíðan hjarðarinnar en það þýðir að færri kýr helta, slasast og þjást af júgurbólgu. Til lengri tíma litið leiðir slíkt til bættrar arðsemi af því að fjárfesta í Lely Astronaut.

### Stöðugleiki á milli vinnu og framleiðslu

Ef treyst er minna á vinnuframlag og vitað hver rekstrarkostnaður Astronaut er, ásamt stöðugri og fyrirsjáanlegri nyt, veitir það rekstrinum stöðugt sjóðsstreymi.

## Fimm reglur fyrir ábatasamar mjaltir

### 1 Frelsi og val kýrinnar

Tryggðu kúnum streitulaust umhverfi með frið og ró svo að þær geti hegðað sér með sínum eðlilega hætti.

### 2 Kúm líkar stöðugleiki

Láttu kýrnar þróa með sér sinn eigin einstaklingsbundna takt sem hentar þörfum þeirra og mjólkurskeiðinu sem þær eru á.

### 3 Einstaklingsbundin meðferð

Allar kýr og meira að segja allir spenar hennar eru einstakir og því þarf að meðhöndla þær með einstaklingsbundnum hætti.

### 4 Hámarka heilbrigði kýrinnar

Kýrin sýnir bestu frammistöðu þegar hún er heilbrigð. Það verður að uppfylla kröfur um heilbrigði.

### 5 Það verður að sýna varúð við meðhöndlun á mjólk

Mjólk er dýrmætt og viðkvæmt hráefni sem þarf að meðhöndla af varúð til að viðhalda gæðunum.

Sjálfvirkar mjaltir veita framleiðandanum stjórn á kostnaðinum við mjaltirnar. Um er að ræða fastan kostnað, engar breytur eins og vinnukostnaður er til staðar. Hann er fyrirsjáanlegur, en það er lykillinn að kostnaðarstýringu og góðum fjárhagsáætlunum.

Frjáls umferð kúa þýðir að kýrin ákveður hvenær hún étur, drekkur, leggst niður og er mjólkuð. Því ætti að vera nægt pláss í kringum mjaltþjóninn til að veita henni óhindrað aðgengi og hvatningu til að láta mjólka sig. Það ætti að „hvetja“ hana en ekki þvinga.

Kýr eru á móti breytingum svo að öruggt og auðlært mjaltakerfi, er mikilvægur þáttur fyrir ábatasamar mjaltir. Sjálfvirk mjaltakerfi gerir hverri og einni kú kleift að móta sína eigin hegðun sem hentar þörfum hennar og mjólkurskeiðinu sem hún er á.

Besta mjaltaferlið uppfyllir þarfir einstakra kúa og hvers júgurhluta. Sjálfvirk mjaltakerfi gera kleift að sérsníða mjaltirnar auðveldlega að mismunandi þörfum.

Sjálfvirkar mjaltir bera umsvifalaust kennsl á óeðlilega þætti í mjólkinni eða hegðun kýrinnar sem gæti bent til heilsufarsvandamála. Slík „snemmbúin viðvörðun“ þýðir að hægt er að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða og veita meðferð um leið og hægt er og áður en vandamálin þarfnast læknisfræðilegra inngripa.

Tímasetning skiptir öllu máli þegar kemur að mjóltum til að tryggja að gæði mjólkurinnar séu sem best þegar kemur að fitu og prótíni. Það skiptir líka miklu máli að koma í veg fyrir mjólkurtap við mjaltirnar til að hámarka mjólk í tankinum. Mjólkinn ætti að vera af sömu gæðum og þegar hún kemur úr júgrinu.



*“Best” hefur mismunandi þýðingu fyrir hvern og einn bonda.*

## Nýttu þér staðbundna þekkingu og stuðning allan sólarhringinn

Lely Center þjónustumiðstöðin á þínu svæði er samstarfsaðilinn þinn þegar kemur að sjálfvirkum mjöltum. Í árána rás hefur Lely byggt upp alhliða net sérfræðinga þar sem saman kemur reynsla á sviði sjálfvirkni í mjólkurframleiðslu og staðbundin þekking. Helsta markmið þeirra er að hjálpa þér við að fá sem mest út úr Lely búnaðinum þínum.

### Gerðu hlutina rétt í upphafi

Allar Lely Center þjónustumiðstöðvar í heiminum njóta góðs af innlendum eða svæðisbundnum fyrirtækjum sem fylgjast með gæði þjónustunnar, sem boðið er upp á, og eru til staðar ef senda þarf fyrirspurn þína áfram á næsta stig. Réttu fólkið sér um að afgreiða fyrirspurnir þínar hratt og vel. Það býr yfir færni og reynslu til að gera hlutina rétt frá upphafi.

### Sameiginleg vegferð

Þegar þú horfir fram á umbreytingatíma skaltu hafa í huga að þú ert ekki sá fyrsti. Staðreyndin er sú að yfir 15.000 bændur hafa þegar látið til skarar skríða. Lely Center þjónustumiðstöðin býr yfir allri þeirri reynslu svo að uppsetningin hjá þér og fyrstu skref ættu að vera snurðulaus.

### Svæðisbundin þekking og reynsla

Bústjórnarráðgjafarnir á Lely Center þjónustumiðstöðinni þinni hafa augun á heildarmyndinni - allt frá snurðulausri uppsetningu yfir í að heyra reglulega í þér til að athuga hvort framleiðsla bústofnsins þíns sé eins og vera ber. Þar sem önnur kerfi eru uppsett nálægt þér eru þeir meðvitaðir um áskoranir og vandamál á svæðinu og geta sinnt öllum þörfum þínum.

### Sérhæfð aðstoð og hjálp við Lely fjósbúnað

Mundu að með þjónustusamningi hefur þú óhindraðan aðgang að tæknimönnum Lely í gegnum Lely Center þjónustumiðstöðina. Þekking þeirra og hjálp er í boði allan sólarhringinn til að tryggja að Lely Astronaut búnaðurinn þinn leiki lykilhlutverk í að hámarka framleiðni og arðsemi búsis þíns.

### Kúabúskapur er okkur í blóð borinn

Margir starfsmenn Lely koma úr bændafjölskyldum. Þeir átta sig á því hvernig búin virka, undirgangast þjálfun á hverju ári og próf til að tryggja að þekking þeirra sé til staðar. Áreiðanleiki og sérfræðiþekking er til staðar til að aðstoða bæði nýja og núverandi viðskiptavinum sjö daga vikunnar, tuttugu og fjórar klukkustundir á sólarhring.

### Hugarró

Hugarró er gríðarlega mikilvæg í daglegum störfum. Það þýðir að þú getur treyst á starfsmenn, vélbúnað og traustan samstarfsaðila þegar kemur að þjónustu á og aðstoð með mikilvægasta búnaðinn þinn. Það er gott að vita af því að á bak við Lely Astronaut mjaltaþjóninn þinn standi fyrirtæki sem þú getur treyst. Hvað sem gerist.



## Stigvaxandi vöxtur

Þú getur ráðgert stækkun á kúabúinu og hrundið henni í framkvæmd yfir lengri tíma. Það er hægt að gera með stigvaxandi hætti til þess að fjármál og vinna fari ekki úr böndunum.

Mjaltaþjónar passa frábærlega þar inn í. Einfaldlega vegna þess að mjólkurgetan og fjárfestingin getur vaxið í samræmi við fjölda mjólkurkúna. Það kemur í veg fyrir gríðarlega fjárfestingu í mjaltaþjónum og biðsvæði til að búa yfir fullnægjandi mjaltagetu á síðari stigum.

## Lely Astronaut Reynslumesti mjaltaþjónninn frá upphafi

Kýr njóta góðs af því að vera mjólkaðar með mjaltaþjónum. Þær eru afslappaðri, heilbrigðari og launa þér með meiri mjólk. Það er vegna þess að kerfið uppfyllir þarfir þeirra í ríkara mæli og sparar tíma fyrir bændurna svo þeir geti veitt kúnum raunverulega athygli. Þetta er einfaldlega besta kerfið til að mjólka kýrnar þínar. Með það í huga, þarftu bara að leita að besta og áreiðanlegasta mjaltaþjónum sem mjólkar fyrir mjög sanngjarnt verð á hvern lítra.

### Mjaltaþjónn með mestu reynsluna á sínu sviði

Kýrin er það sem skiptir máli þegar kemur að frammistöðu allra mjaltaþjóna. Astronaut snýst um að átta sig á kúnum og sinna hverri kú með sem bestum hætti. Astronaut býður upp á mjaltaþjónum með frábærum aðgengi sem kýrin kann að meta svo að tryggt sé að hún vilji fara í mjaltaþjónum. Þvottaburstarnir tryggja frábæra formferð og örvin, og mjaltaþjónum er lagað að hverjum og einum jógurkjörðungi. Stjórnkerfið velur bestu mjaltaþjónum með sjálfvirkum hætti. Það tryggir góða jógurheilsu og hærri nyt. Mikilvægar upplýsingar um kúna og mjólkina eru fyrir hendi svo bændur geta gripið strax til aðgerða gerist þess þörf.

Frá i-flow yfir í afar nákvæman tvinnarm. Frá öllum skynjurum í arminum næst jógurinu yfir til púlslögunar. Astronaut notar hverja einustu sekúndu til að minnka „boxtímann“ og hámarka framleiðsluna.

### Fyrir alla

Stutt yfirlit við mjaltaþjónum til að fá upplýsingar um kúna eða hraðar og auðveldar fyrstu mjaltaþjónum. Það er auðveldara að nota og skilja Lely Astronaut en nokkru sinni fyrr. Lely hefur lagt áherslu á að uppfylla kröfur viðskiptavina og gert verulegar breytingar á stjórnborðinu og aðgerðum þess. Kerfið býður upp á einfaldar stigskiptar leiðbeiningar með vel hönnuðum valmyndum og skýrum táknmyndum.

### Hámörkun á ávinningi og lágmörkun á kostnaði

Sjálfvirk mjaltaþjónum hafa leitt í ljós að þau fækka endurtekningum, draga úr vinnu, auka sveigjanleika bænda, auka mjólkurframleiðslu og bæta heilbrigði gripanna. Lely býður nú upp á allt þetta fyrir stöðugan kostnað á lítra sem er eins lágur og hægt er. Með nýja tvinnarminum hefur Lely tekist að draga úr orkunotkun um allt að 20%. Vatnsnotkun kerfisins hefur einnig minnkað samanborið við hefðbundið mjaltaþjónum.

### Gæði sem hægt er að treysta

Þú væntir þess að geta treyst mjaltaþjónum þínu fullkomlega. Astronaut býr yfir 25 ára tækniþekkingu og reynslu af mjólkum í meira en fjögur milljón skipti á dag undir ítarlegu eftirliti. Hönnunin byggir á lágri bilanatíðni, hröðu viðhaldi og stöðugum afköstum. Allir íhlutir og hönnun mjaltaþjónsins hafa undirgengist ítarlegri prófanir en nokkru sinni fyrr.

## Þróað í samvinnu við viðskiptavini okkar..

### I-flow

Hið byltingarkennda I-flow stendur fyrir óviðjafnanlega heimsóknartíðni. Kýrin dvelur í sínu rétta umhverfi innan hjarðarinnar.

### Sérnsniðnar mjaltir

Sogtaktur sérnsniðinn fyrir hvern júgurfjórðung, sjálfvirkir mjaltatímar og sjálfstæð aftaka af hverjum spena fyrir sig gerir Lely Astronaut kleift að mjólka hverja og eina kú í samræmi við þarfir hennar.

### Auðveldar fyrstu mjaltir

Þessi nýi eiginleiki er auðveldur fyrir bóndann og afslappandi fyrir kúna. Það þarf bara að færa arminn nálægt júgrinu þegar mjólkað er í fyrsta sinn.

### Þvottaburstar fyrir formeðhöndlun

Þvottaburstararnir fjarlægja óhreinindi af spenunum og meira að segja neðst af júgrinu. Þeir eru líka besta örvunin til þess að kýrin fari að selja.

### Tvinnarmur

Nýi armurinn er mjög hljóðlátur og nákvæmur og gerir mjaltabjóninn því mannlegri og kýrvænni en áður.

### Lely T4C og T4C InHerd

Snjalla stjórnkerfið er í stöðugri þróun og sýnir stöðugt snjallari frammistöðuvísu með eins skýrum hætti og mögulegt er.

### Notandaviðmót

Endurhannaðar valmyndir á stjórnborðinu eru skýrari og auðveldari í notkun en áður.

### Áreiðanleiki

Lely hefur aldrei áður sett Astronaut á markað sem hefur undirgengist eins margar prófanir og nú. Öll tækni hefur verið prófuð við gríðarlega erfiðar aðstæður.

## Nýi tvinnarmurinn

Mjaltaarmur Lely hefur reynst snjallasta lausnin við mjaltaferlið. Hann er undir kúnni út allt mjaltaferlið og bregst hratt við þegar spenahlki dettur af til að halda því hreinu. Armurinn fylgir kúnni og hámarkar þannig frelsi hennar í mjaltaklefanum.

Tvinnarmur hins nýja Astronaut A5 byggir á kostum rafdrifinna hreyfinga og mýkt og afli loftsins. Stór lofttjakkur heldur arminum uppi og notar nánast ekkert loft og rafbúnaður hreyfir hann til með mikilli nákvæmni.

### Kýrvænn

- Meiri hvíld með hljóðlátri vinnslu
- Auðveldari mjaltir með nákvæmri og hraðri tengingu
- Hentar öllum kúm því mjaltapjónsarmurinn hefur mjög vítt hreyfisvið

### Orkusparandi

- Mjög lítil orkunotkun þegar armurinn er í stöðu
- Engin loftnotkun þegar armurinn er á hreyfingu
- Hann fer hraðar í rétta stöðu vegna mikillar nákvæmni í hreyfingum

### Notandavænn

- Fyrstu mjaltir eru auðveldar vegna nýja stjórnborðsins og nákvæmni nýja armsins
- Aukin þægindi vegna hljóðlátrar vinnslu
- Minna og auðveldara viðhald með bættu aðgengi

## Lely Astronaut A5



### Tækni í þróun

Eftir 25 ár hafa sjálfvirkar mjaltir þróast yfir í fullmótað og fínstillt kerfi. Spurningin er hvað þurfi til að færa mjaltapjóna á næsta stig. Lely ákvað að leggjast í þróun á næsta stigi mjaltapjóna sem byggðu á afköstum og útfærslum A4.

### Endurbætur undir „húddinu“

Þó að A5 líti nánast út eins og A4 hafa margar breytingar verið gerðar. Tvinnarmurinn er sýnilegasta breytingin en hann notar minni orku og veitir kúnum og bóndanum meiri hvíld. Margvíslegar endurbætur hafa verið gerðar á vélbúnaði sem snúa að áreiðanleika, notendavænleika og aðgengismálum (*sjá síðu 12*).





## Settu saman þinn eigin Lelyl Astronaut

Við hjá Lely vitum að engin tvö kúabú eru eins. Búið þitt er einstakt, rétt eins og þú og þín markmið. Þótt kúabúskapur nútímans geti verið flókið ferli þarf að vera mjólk í tankinum í lok hvers dags. Gefðu þér góðan tíma til að íhuga þína stöðu. Sjáðu fyrir þér hvernig þú getur gert búinu þínu kleift að starfa sem best. Hvað er mikilvægt fyrir þig og búið þitt?

### Settu nákvæmni í kynbótastarfið

#### Val við kynbætur

Kynbótastarf er lykilatriði þegar hafa á góða stjórn á starfsemi búans. Nýttu þér ráðgjöf ráðunauta við að fjölga kúm með fangi. Gerðu kynbótaáætlunina nákvæmari og þá geturðu betur greint beiðsli hjá kúnum og valið hárrétt augnablik fyrir sæðinguna. Það eykur fangtíðnina og sparar þér heilmikinn tíma.

### Gerðu útibéitarstefnuna markvissari

#### Valkostir fyrir útibéit

Útibéit er náttúrulegasta leiðin til að fódra kýrnar. Útibéit hefur jákvæð áhrif á heilbrigði og velferð kúnna. Haltu heilbrigðar kýr úti á túni um leið og þú hefur fulla stjórn á mjólkurframleiðslunni. Útibéit er í vaxandi mæli samfélagsleg krafa, því fólk gerir sér væntingar um að sjá kýr á beit úti á túni.

### Bætt heilbrigði klaufa

#### Valkostir fyrir heilbrigðari klaufir

Heilbrigðar klaufir er mikilvægar fyrir vellíðan kúa og árangur kúabúa. Til að kýr geti gengið um óhindrað þurfa þær að vera með heilbrigðar klaufir. Með heilbrigðum klaufum getur hún gert það sem henni sýnist í fjósinu eða úti á túni: hvílst, étið, drukkið eða heimsótt mjaltþjóninn. Lely Meteor lausnin fyrir heilbrigðar klaufir bætir klaufheilsu með sjálfbærum, kýrvænum og öruggum hætti.

### Áhersla á fódurskilvirkni

#### Valkostir fyrir fóðrun

Fóðrun er einn stærsti kostnaðarliðurinn á hverju kúabúi. Því skal fódra kýr samkvæmt raunverulegum þörfum sem byggja á skilvirkni fódursins. Auktu möguleika þína til að fínstillta skammtana, jafnvel þegar fódrað er með fljótandi fóðri í bland.

### Með stjórn á júgurheilbrigðinu

#### Valkostir fyrir umhirðu júgurs

Gæðamjólk kemur úr heilbrigðu júgri. Fáðu skýra sýn yfir júgurheilbrigðið og áttaðu þig á því hvenær grípa þarf til aðgerða. Útrýmdu bakteríum og forðastu krosssmít fyrir hverjar mjaltir. Náðu góðum tókum á júgurheilbrigði gripanna, bættu það og dragðu um leið úr kostnaði.

### Þekktu kýrnar þínar

#### Valkostir fyrir heilbrigði kúa

Það verður að annast verðmætasta auðinn þinn vel: kýrnar þínar. Ef kýrnar eru heilbrigðar dregurðu úr kostnaði, sparar tíma og eykur nytina. Fáðu meiri stjórn á heilbrigði gripanna og taktu réttar ákvarðanir með háþrúðum skynjurum og notendavænum upplýsingum. Þannig tryggirðu tekjgrundvöllinn.

*“Ég tók strax eftir því að bætt heilbrigði leiddi til betri árangurs”.*

## ***Kynntu þér möguleikana***

Aðeins þú veist hvaða „möguleika“ þú vilt eiga. Láttu það verða til þess að þú sýnir möguleikum og lausnum sem í boði eru opinn huga. Fyrsta skrefið í átt til betra lífs getur verið að taka eitt skref til baka og velta fyrir sér framtíðinni. Hvað myndir þú gera ef þú gætir sparað þér tíma? Beint athyglinni að því að vera betri bóndi eða eiga meiri frítíma eða hvoru tveggja? Lely Center-þjónustumiðstöðin næst þér býður þér að skoða hvaða möguleikar eru í boði. Hringdu í **4140000** eða sendu tölvupóst á [info@vbl.is](mailto:info@vbl.is).

***Kynntu þér möguleikana með sérfræðingunum á þínu svæði.***

1. **Lely Center Ísland**  
Óðinsnes 2, 603 Akureyri
2. **VB Landbúnaður ehf**  
Krókháls 5F, 110 Reykjavík.



Lely, Astronaut, Astri, Atlantis, C4C, Calm, Caltive, Capsule, Commodus, Compedes, Cosmix, Dairywise, Discovery, F4C, Gravitor, Grazeway, Hubble, I-flow, InHerd, Juno, L4C, Lely Center, Lelywash, Luna, Nautilus, Orbiter, Quaress, Qwes, Shuttle, T4C, Vector, Viseo, Voyager og Walkway eru skráð vörumerki Lely Group.

Lely áskilur sér allan rétt á því er varðar vörumerki í eigu Lely. Öll óleyfileg notkun á einhverju vörumerki í eigu Lely, eða notkun á vörumerki sem er nægilega áþekkt vörumerkjum Lely til að valda hugsanlega ruglingi, eða er líklegt til að vera ruglað saman við vörumerki í eigu Lely, telst brot á einkarétti Lely. Allur réttur áskilinn.

Upplýsingar sem gefnar eru í þessu riti eru einungis settar fram í upplýsingaskyni og ber ekki að líta á þær sem tilboð um sölu. Tiltæknar vörur kunna að vera ófáanlegar í einstökum löndum og vörur frá birgjum kunna að vera aðrar en hér er sýnt. Óheimilt er að afrita eða gefa út rit þetta, að hluta eða í heild, og gildir það um prent, ljósrit, örfilmu eða hvers konar annað útgáfuform, án skriflegs leyfis Lely Holding S.à r.l. Þótt efni þessa rits hafi verið unnið eins vandlega og framast var unnt verður Lely ekki sótt til ábyrgðar vegna nokkurs þess tjóns eða skaða sem kann að verða vegna meintrar villu eða mistaka í þessu riti.